


Nesskel
Gróustöðum
380 Króksfjarðarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. apríl 2012
Tilvisun: UST20120200112/edk

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 2. mars sl. þar sem áförmáð var að veita Nesskel áminningu vegna 2 frávika frá starfsleyfi sem fram komu við eftirlit 31. október 2011. Í bréfinu veitti Umhverfisstofnun rekstraraðila frest til 16. mars 2012 til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Sjónarmið rekstraraðila hafa ekki borist Umhverfisstofnun en þann 19. mars sl. upplýsti rekstraraðili Umhverfisstofnun um að málið væri í vinnslu og gögnum yrði skilað á næstu dögum, Umhverfisstofnun svaraði 20. mars og veitti frest til 23. mars 2012 til að skila gögnunum. Umrædd gögn hafa enn ekki borist Umhverfisstofnun.

Þau frávik sem Umhverfisstofnun telur að rekstraraðili þurfi að bæta úr eru eftirfarandi:

1. Fyrirtækið á eftir að gera áhættumat og viðbragðsáætlun, sbr. gr. 4.4. í starfsleyfi.
2. Rekstraraðili á eftir að meta umhverfisástand botns á svæðum þar sem heimilt er að vera með línur sbr. gr. 3.2 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun veitir hér með Nesskel áminningu sbr. 26. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem enn á eftir að bæta úr framangreindum frávikum. Umhverfisstofnun veitir Nesskel frest til 16. apríl til að skila inn staðfestingu á að bætt hafi verið úr framangreindum frávikum.

Sinni Nesskel ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða fyrirtækinu dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákværðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 517/2011, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá

Virðingarfyllst

Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri

Kristjan Geirsson
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða